

Alþingi  
Erindi nr. P 130/728  
komudagur 12.1.2004



KNATTSPYRNUSAMBAND ÍSLANDS

Menntamálanefnd Alþingis

Reykjavík, 7. janúar 2004.

**Efni: Tillaga til þingsályktunar um ferðasjóð íþróttafélaga  
130. löggjafarþing 2003 - 2004  
Þskj. 135 - 135. mál.**

Knattspyrnusamband Íslands styður eindregið tillögu um ferðasjóð íþróttafélaga. Mikill ferðakostnaður félaga vegna þátttöku í landsmótum KSÍ er staðreynd og sér í lagi knattspyrnufélaga sem þurfa oft að senda kapplið á milli landshluta. Í slíkum tilfellum getur ferðakostnaður verið verulegur hluti heildarrekstrarkostnaðar félaga. Þá má ljóst vera, að yfirleitt hallar á félög utan höfðuborgarsvæðisins í þessu efni. Ferðastyrkir til knattspyrnufélaga af fjárlögum munu jafna aðstöðumun þeirra og stuðla að því, að knattspyrnu-íþróttin haldi velli um gjörvallt Ísland. Knattspyrna er leikin um allt land í dag og er snar þáttur í menningarlífi flestra ef ekki allra byggðarlaga auk þess sem íþróttin er heilbrigður vettvangur íslenskrar æsku.

Knattspyrnusamband Íslands telur eðlilegt að úr ferðasjóði yrði úthlutað til sérsambanda innan ÍSÍ sem síðan styrktu ferðalög innan viðkomandi íþróttar eftir reglum sjóðsins og sérsambandsins. Föst upphæð fyrir keppnismann, eins og fram kemur í greinargerð ályktunarinnar, gæti verið skynsamleg leið.

*Virðingarfyllt,  
f. h. Knattspyrnusambands Íslands,*

Geir Þorsteinsson,  
framkvæmdastjóri.